

Formannafundur Aftureldingar, miðvikudaginn 13. júní 2018



Fundurinn var haldinn í Hlégarði í Mosfellsbæ

Mættir stjórnarmenn:	Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), aðalstjórn Geirarður Long (GL), aðalstjórn Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), aðalstjórn Þórdís Sveinsdóttir (ÞS), aðalstjórn Guðrún Kristín Einarsdóttir, blakdeild Guðbjörg Fanndal, knattspyrna BUR Hannes Sigurðsson, handbolti Bernharð Eðvarðsson, handbolti Jón Ágúst, sunddeild Haukur Örn Harðarson, badminton Ingvi Jón Gunnarsson, frjálsar
Mættir starfsmenn:	Jón Júlíus Karlsson (JJK), framkvæmdarstjóri. Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH), íþróttafulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundargesti velkomna kl. 18:15.

Dagskrá:

1. Heimasíða Aftureldingar - Stefnt að því að vera komin með nýja heimasíðu félagsins í haust. Netvöktun ehf. átti besta tilboðið.
2. Búningamál félagsins – Búninganefnd komin að munnlegu samkomulagi um að tilboð frá JAKO sé hagstæðast fyrir bæði foreldra og deildirnar. Eftir að formleg ákvörðun kemur frá nefndinni tekur aðalstjórn afstöðu.
3. Staðan á samstarfssamningi á milli UMFA og Mosfellsbæjar

Stjórn sendi opið bréf á bæjarstjórn en engin viðbrögð hafa borist nema frá fulltrúum minnihlutans. Skv. bókun meirihluta í bæjarráði er bæjarstjóra falið að undirrita samninga á grundvelli fyrirbyggjandi samningsdraga, við félög sem hafa lýst yfir vilja til slíks.

Stjórn ákveður að gefa nýrri bæjarstjórn færi á að hefja starf sitt og óska svo eftir fundi með fulltrúum.

4. Önnur mál
 - Tengiliðir við deildir – kynnt hugmynd um að deildir hafi sinn tengilið inn í aðalstjórn til að auðvelda samskipti. Þannig aukum við upplýsingaflæði í báðar áttir og samskipti verða gagnvirkari. Vinnum þessa hugmynd fram á haust.
 - Sumargjöf aðalstjórnar til félagsins – Myndavél og búnaður til að taka upp viðburði, verður leigt út til deilda gegn hóflegu gjaldi sem er hugsað fyrir viðhaldi og mögulegri endurnýjun.
 - Engin sumarlokun á skrifstofu nema einn og einn dagur með litlum fyrirvara.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20.30